



PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING Auðnast ehf.

I. Almennt

Auðnast er umhugað um friðhelgi einkalífs viðskiptavina sinna. Í samræmi við það gætir fyrirtækið ávallt að því að farið sé að ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og annarra sértækari laga sem varða persónuupplýsingar einstaklinga. Í þessari persónuverndaryfirlýsingu er vikið nánar að þeim persónuupplýsingum sem fyrirtækið geymir um skráða einstaklinga og hvaða réttindi þeir eiga varðandi upplýsingarnar.

II. Ábyrgðaraðilar og vinnsluaðilar

Auðnast ehf., kt. 591114-0180, Auðbrekku 10, 200 Kópavogi, er ábyrgðaraðili fyrir þeirri vinnslu sem fram fer í tengslum við meðferð á vegum fyrirtækisins. Við gerð þjónustusamninga við aðra lögaðila um meðferðir fyrir starfsfólk þeirra telst Auðnast eftir atvikum til vinnsluaðila, m.a. vegna persónuupplýsinga sem afhentar eru fyrirtækinu.

III. Tilgangur vinnslu á persónuupplýsingum

Auðnast vinnur eingöngu persónuupplýsingar um skráða einstaklinga að því marki sem lög heimila. Helstu tilvik vinnslu eru eftirfarandi:

- ❖ Til að halda skrá um heilsufarsupplýsingar í samræmi við lög nr. 55/2009 og til að uppfylla fyrirmæli laga og reglna um heilbrigðisstarfsemi;
- ❖ Til að efna samning fyrirtækisins við þjónustukaupa og einstaklinga sem leita til fyrirtækisins;
- ❖ Til að gæta lögmætra hagsmuna Auðnast ehf.;
- ❖ Til að gæta hagsmuna einstaklinga í tengslum við meðferðir;
- ❖ Til skýrslugerðar í samræmi við beiðni þjónustukaupa, sjá nánar hér að neðan.

Auðnast ehf. notar hvorki persónuupplýsingar í markaðsskyni né veitir þriðja aðila aðgang að þeim í slíkum tilgangi. Auðnast notar upplýsingar um einstaklinga einungis í þeim tilgangi sem tilgreindur er sem ástæða söfnunar þeirra, nema þörf sé á að nýta þær í öðrum tilgangi og verður þá leitað samþykkis hins skráða.

IV. Söfnun upplýsinga

Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um einstakling sem gera það mögulegt að persónugreina hann, beint eða óbeint. Auðnast safnar einkum eftirfarandi persónuupplýsingum um þjónustunotendur, í samræmi við tilgang veittrar þjónustu:

- ❖ Tengiliðaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer;
- ❖ Sjúkraskrár- og heilsufarsupplýsingar, þ.m.t. sjúkrasaga, samskipti við aðra heilbrigðisstarfsmenn vegna meðferðar og upplýsingar er varða tilgang vinnslunnar;

- ❖ Greiðsluupplýsingar, þ.m.t. greiðslukortanúmer og upplýsingar um greiðslu.

Vissar tegundir persónuupplýsinga sem Auðnast safnar, einkum heilsufarsupplýsingar, teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga. Öll meðferð slíkra upplýsinga fer fram í samræmi við fyrirmæli laga um sjúkraskrár, laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og fyrirmæli annarra ákvæða stjórnsvaldsfyrirmæla og leiðbeinandi reglna.

Upplýsinga er aflað frá skráðum einstaklingi í gegnum síma, tölvupóst og/eða uppfléttingu í þjónuskrá. Þá afhendir þjónustukaupi Auðnast, upplýsingar um skráðan einstakling í samræmi við þar til gerðan þjónustusamning og er vinnuveitandi þá ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu. Auðnast aflar að mestu heilsufarsupplýsingum frá skráðum einstaklingi.

Auðnast skráir upplýsingar um þá meðferð sem veitt er og geymir upplýsingarnar í samræmi við lagaskyldu. Jafnframt heldur Auðnast utan um upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna samningsbands við þjónustukaupa og til að uppfylla skilyrði skatta- og bókhaldslaga.

V. Miðlun til þriðja aðila

Í því skyni að uppfylla þann tilgang sem að ofan lýst, og til að uppfylla þjónustusamninga við þjónustukaupa, kann að vera nauðsynlegt að miðla persónugreinanlegum upplýsingum um skráðan einstakling til þriðja aðila. Slíkir aðilar geta verið ábyrgðaraðilar eða eftir atvikum vinnsluáðilar. Dæmi um slíka miðlun er eftirfarandi:

- ❖ Aðrir heilbrigðisstarfsmenn: Fyrirtækið sendir eftir atvikum t.d. lækni einstaklings upplýsingar um greiningu og/eða veitta meðferð. Öll slík miðlun fer fram með öruggum hætti;
- ❖ Þjónustuaðilar okkar, t.d. hýsingaraðilar: Í slíkum tilvikum fá starfsmenn þjónustuaðila þó ekki aðgang að viðkvæmum persónuupplýsingum;
- ❖ Ráðgjafar okkar, t.d. verktakar sem vinna fyrir Auðnast við töku viðtala og annað heilsufarsmat;
- ❖ Embætti landlæknis, sjúkrapjálfarar, skattfyrvöld, lögregla og barnavernd.

Auðnast miðlar gögnum einungis að því marki sem nauðsynlegt er og heimilar þriðju aðilum ekki not þeirra. Sjúkraskrár- og heilsufarsupplýsingum er einungis miðlað að því marki sem samræmist þagnarskyldu starfsmanna Auðnast sem heilbrigðisstarfsmenn og fyrirmælum laga.

Auðnast flytur engar persónuupplýsingar til landa utan Evrópska efnahagssvæðið (EES-svæðisins).

VI. Samantektir og skýrslugerð

Auðnast tekur eftir atvikum saman samantektir eða skýrslur út frá vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við þjónustusamningi við þjónustukaupa. Í slíkum tilfellum er persónugreinanlegum upplýsingum aldrei miðlað nema fyrir liggja sérstakt samþykki notanda þjónustu fyrir slíkri miðlun.

VII. Öryggi persónuupplýsinga

Auðnast viðhefur viðeigandi öryggisráðstafanir, í samræmi við lög nr. 90/2018, í því skyni að hindra að persónuupplýsingar skráðra einstaklinga glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi. Aðgangur að upplýsingum er auk þess takmarkaður við þá aðila sem nauðsyn ber til og sem eru bundnir trúnaðarskyldu.

Ef upp kemur öryggisbrestur sem hefur áhrif á persónuupplýsingar mun Auðnast tilkynna slíkt til Persónuverndar og eftir atvikum til skráðra einstaklinga eftir því sem lög mæla fyrir um. Í þeim tilvikum sem Auðnast er vinnsluaðili tilkynnir fyrirtækið viðkomandi ábyrgðaraðila án tafar með sannanlegum hætti ef starfsfólk Auðnast verður vart við öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga um hinn skráða.

VIII. Geymsla persónuupplýsinga

Um vörslu sjúkraskráupplýsinga fer samkvæmt lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár. Óheimilt er að eyða upplýsingum úr sjúkraskrá sjúklings nema með samþykki landlæknis.

Aðrar persónuupplýsingar geymir Auðnast aðeins svo lengi sem nauðsyn ber til í þeim tilgangi sem þeirra var aflað. Geymslutími slíkra persónuupplýsinga fer eftir eðli persónuupplýsinganna og þeim lagareglum sem gilda um viðkomandi vinnslu, t.d. skatta- eða bókhaldslöggjafar. Í einstaka tilvikum kann einnig að vera nauðsynlegt að geyma gögn vegna lögmætra hagsmuna Auðnast, svo sem vegna ágreinings- og deilumála.

IX. Réttur hins skráða

Samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni á hinn skráði tiltekin réttindi í tengslum við vinnslu Auðnast á persónuupplýsingum. Vilji hinn skráði neyta þessara réttinda hefur viðkomandi samband við Auðnast og leitast verður við því að svara viðkomandi beiðni eins fljótt og auðið er.

Almennt tekur Auðnast ekki gjald fyrir afhendingu gagna eða afgangi annarra beiðna. Hins vegar áskilur fyrirtækið sér rétt til að innheimta gjald eða synja um afhendingu þegar beiðni er bersýnilega tilhæfislaus, óhófleg eða margendurtekin.

Lögbundin réttindi hins skráða í tengslum við vinnslu Auðnast á persónuupplýsingum er m.a. eftirfarandi:

- ❖ Réttur til aðgangs;
- ❖ Réttur til leiðréttingar;
- ❖ Réttur til eyðingar;
- ❖ Réttur til að andmæla vinnslu;
- ❖ Réttur til takmörkunar vinnslu;
- ❖ Réttur til að afturkalla vinnslu.

Nánar um inntak framangreindra réttinda vísast til laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og laga nr. 55/2009, um sjúkraskrár.

X. Tengiliður

Hafi hinn skráði spurningar, athugasemdir, eða kvartanir fram að færa varðandi persónuverndaryfirlýsingu þessa eða meðferð Auðnast á persónuupplýsingum er unnt að hafa samband við Inga Sturluson, fjármálastjóra Auðnast. Jafnframt er ávallt heimilt að beina kvörtun til Persónuverndar.

XI. Fyrirvari

Persónuverndaryfirlýsing Auðnast er í stöðugri skoðun og kann henni því að verða breytt, sé þess þörf. Viðeigandi ákvæði laga ganga ávallt fyrir ákvæðum persónuverndaryfirlýsingu þessarar.